



Þjóðaröryggi: Íslendingar og hafið

Samantekt frá ráðstefnu
þjóðaröryggisráðs um
mikilvægi hafsins sem
haldin var í Norðurljóssal
Hörpu 2. apríl 2025

Setningarávarp

Kristrún Frostadóttir, forsætisráðherra og formaður þjóðaröryggisráðs

Komið þið sæl öll sömul,

Það kemur í minn hlut að setja þessa ráðstefnu. Ég hlakka til að njóta dagsins með ykkur í dag á þessari mikilvægu ráðstefnu um þetta mikilvæga málefni. Ég vil bjóða ykkur öll velkomin, hér eru margir hæstvirtir ráðherrar og þátttakendur. Það er gaman að sjá svona fjölbreyttan hóp saman komin í dag og gaman að ræða Íslendinga og hafið. Það liggur fyrir að þetta er gríðarlega mikilvægur málaflokkur fyrir þjóðaröryggi Íslands á víðum grunni.

Í kvæðinu Hafið eftir Þjóðskáldið Einar Benediktsson segir: „Hafið er konungur, hafið er þræll, hafið er auður og hafið er böll“. Þessi orð lýsa einstaklega vel margræðri þýðingu hafsins fyrir sjálfsmynd okkar Íslendinga. Hafið hefur verið uppspretta lífsafkomu, atvinnu og sjálfstæðis og við erum með réttu stolt af þeirri sögu að hafa með eldmóði sótt fullveldisréttinn yfir landhelginni. En við megum ekki gleyma að hafið er ekki bara vettvangur nýtingar – í tengslum við þjóðaröryggi er það okkar öflugasta varnarmála. Þetta sama tíma og málefni þess varða ábyrgð og virkni okkar á alþjóðavettvangi.

Íslendingar ákváðu skömmu eftir lýðveldisstofnun að vera virkir þátttakendur, ekki áhorfendur í málefnum hafsins. Það var ákveðið var að stilla upp liði úr eigin röðum, vera virk í að móta reglurnar en ekki bara fylgja þeim. Og það gerðum við með miklum árangri. Á stuttum tíma tókst okkur að tryggja 200 sjómílna efnahagslögsögu. Þetta var stórsigur hjá smáriki og fordæmisgefandi á heimsmaðlíkvarða. Þetta var líka grundvöllur þess að Ísland fengi sæti við borðið þar sem reglur eru mótaðar.

Þorskastríðin kenndu okkur líka að það borgar sig að vera föst fyrir þegar kemur að kjarnahagsmunum og við höfum sem smáriki náð ótrúlegum árangri í alþjóðlegri hagsmunagæslu og í sjálfbærri fiskveiðistjórnun. En flestir vita að þar erum við stórveldi. Við erum meðal tuttugu stærstu fiskveiðaríkja í heimi. Þegar kemur að málefnum hafsins og sjálfbærri auðlindanýtingu hafsvæða þá þekkja flestir stöðu Íslendinga. Þar erum við, eins og ég sagði, stórveldi og eigum að vera stolt af okkar sögu og framgöngu.

Nýleg niðurstaða landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna er einn sigurinn í viðbót. Eftir margra ára samningaviðræður eru yfirráð Íslands yfir landgrunni sínu á Reykjaneshrygg staðfest og ná nú rúmar 570 sjómílar frá grunnlínum. En við getum ekki sótt værdi í unna sigra gott fólk. Því yfirráð Íslands yfir hafsvæðum umhverfis landið felur í sér bæði réttindi og skyldur og við verðum að standa vörð um það sem áunnist hefur, einungis þannig getum við tryggt velferð, öryggi og framtíð þjóðarinnar.

Þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland miðar meðal annars að því að tryggja fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar. Í stefnunni er lögð áhersla á að horft verði sérstaklega til umhverfis- og öryggishagsmuna Íslands á hafsvæðinu umhverfis landið og á norðurslóðum í alþjóðasamvinnu og innlendum viðbúnaði. Við sjáum svo sannarlega víða um heim í umræðunni, hversu mikilvægt þetta svæði er orðið þó að við höfum lengi vel vitað hversu mikilvægt það er fyrir heimsbyggðina alla, en þó sérstaklega okkur sem búum hér á norðurslóðum. Í þessari stefnu er lögð áhersla á að sporna við röskun á lífsskilyrðum og búsetu vegna loftslagsbreytinga, meðal annars með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi til að bregðast við loftslagsbreytingum.

Eins og þið sjáið eru málefni hafsins í stöðugri þróun og þau snerta í dag langt í frá eingöngu sjávarútveginn. Dagskrá ráðstefnunnar endurspeglar að umræða um mikilvægi hafsins fyrir þjóðaröryggi er alla vega þrífætt. Hún snýst um umhverfisvernd, hún nær til auðlindanýtingar og, síðast en ekki síst, til öryggis- og varnarmála með vísan í alþjóðasamskipti.

Fyrir það fyrsta stöndum við frammi fyrir umfangsmiklum áskorunum á sviði umhverfisverndar. Loftslagsbreytingar, súrnun sjávar og hnignun líffræðilegs fjölbreytileika eru hljóðlátar ógnir, en þær geta

haft djúpstæð áhrif á líf skjör, matvælaöryggi og stöðu Íslands sem fiskveiðipjóðar. Við þurfum að mæta þessum áskorunum með öflugum rannsóknum og þekkingarsköpun, því við getum ekki verndað það sem við skiljum ekki.

Hvað varðar auðlindanýtingu í hafi þá snýst hún ekki lengur eingöngu um fiskinn. Nýting hans hefur þó kennt okkur að sjálfbær nýting er möguleg. Hafrannsóknir hafa leiðbeint okkur og við höfum lært af mistökum annarra, og líka okkar eigin.

Hafsbótinn geymir, eins og margir vita, verðmæti á borð við málma og orku og þannig nýsköpunartækifæri til framtíðar. Þetta er gríðarlega spennandi en það þarf að vanda til verka, með stefnumótun sem byggir á vísindalegri þekkingu, ekki skyndilausnum sem geta leitt til ofnýtingar auðlinda eins og við þekkjum líka vel.

Í þriðja lagi, blasir við breytt öryggislandslag í Evrópu. Auknar áskoranir á norðurslóðum og í Norður-Atlantshafi. Landfræðileg staða Íslands gerir okkur að lykilaðila í varnarsamstarfi og í upplýsingagjöf til bandalagsríkja um óeðlilega umferð eða athafnir á hafsvæðunum. Það skiptir bandalagsþjóðir okkar gríðarlega miklu máli að geta treyst því að Ísland sé með öflugt eftirlit á eigin yfirráðasvæði, sérstaklega í ljósi aukinnar umferðar á siglingaleiðum í norðurhöfum. Ríkisstjórnin hefur sýnt það með útgáfu fyrstu fjármálaáætlunar sinnar að hún ætlar að leggja lykiláherslu á öryggi og innviði landsins af því að við erum gríðarlega meðvitaðar um þá stöðu sem upp er komin í öryggismálum og það verður settur mikill fókus á það og ég veit að utanríkisráðherra mun ræða það nánar í dag og síðar meir.

Það er ánægjulegt að nefna að Norðurlöndin vinna líka að mótun sameiginlegrar stefnu um sjálfbæra nýtingu og verndun hafsvæða. Þar er lögð áhersla á tengsl umhverfisverndar og þjóðaröryggis. Ísland gegnir að sjálfsögðu virku hlutverki í þessu samstarfi, meðal annars í vinnuhópi Norðurskautsráðsins um verndun hafsvæða, sem vinnur að heildstæðri stefnu til næstu tíu ára.

Með þessu samstarfi er lagður grunnur að sameiginlegum viðbrögðum við þeim áskorunum sem steðja að vistkerfum hafsins og tryggt að Norðurlöndin standi saman í því að vernda þau svæði sem skipta okkur miklu máli, ekki eingöngu vegna náttúrunnar, heldur einnig vegna þjóðaröryggis.

Því öryggismál, kæru gestir, snúast ekki eingöngu um hernaðarviðbúnað. Þau lúta líka að getu okkar til að hafa eftirlit með siglingum, lögbrotum á hafi, vernd sæstrengja og viðbragðsgetu við slysum og mengun. Og öryggi hafsvæða Íslands er ekki einkamál okkar. Þetta er hluti af sameiginlegri ábyrgð Norðurlandanna og varnarbandalagsins sem við höfum tekið ákvörðun um að tilheyra til að efla eigið öryggi og annarra bandalagsríkja.

Dagskrá ráðstefnunnar nær til allra þessa málefna og endurspeglar að Ísland hefur bæði réttindi og skyldur þegar kemur að málefnum hafsins. Við njótum góðs af hafinu, það vitum við öll. En við höfum skyldu til að vernda, til að vakta og til að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði öryggis- og varnarmála sem tengjast hafsvæðum okkar.

Ég hvet ykkur öll til að nýta þennan vettvang í dag til að skiptast á sjónarmiðum, til að miðla þekkingu og leggja ykkar af mörkum til þessarar mikilvægu umræðu um framtíð okkar og hafsins.

Ég þakka fyrir mig í bili og óska ykkur góðs gengis með ráðstefnuna.

Öryggi nú og til framtíðar – Rennum ekki blint í sjóinn

Opnunarerindi: **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, utanríkisráðherra

Forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, kæru ráðstefnugestir. Það er gott að fá að vera með ykkur í dag og ég vil sérstaklega þakka skipuleggjendum ráðstefnunnar fyrir að halda hana og fyrir að lyfta upp og draga fram mikilvægi hafsins fyrir þjóðaröryggi. Efnid er mikilvægt og umræðan gæti vart komið á betri tíma.

Öryggi er eins og margt af því sem skiptir okkur mestu máli í lífinu, að við göngum að því sem vísu, þar til við höfum það ekki lengur eða því er ógnað á einhvern hátt. Við göngum út frá því að halda heilsu, veltum heilsunni kannski ekkert sérstaklega fyrir okkur, fyrr en veikindi eða slys banka upp á og skyndilega er allt breytt. Öll veröldin okkar er breytt.

Öryggis- og varnarmál hafa verið efst á dagskrá um alla Evrópu og um allan heim undanfarin misseri, sérstaklega eftir innrás Rússlands í Úkraínu. Mánuðum eftir innrásina ákváðu Danir með yfirnæfandi meirihluta í þjóðaratkvæðagreiðslu að taka fullan þátt í starfi Evrópusambandsins í öryggis- og varnarmálum, sem Danmörk hafði frá upphafi verið með undanþágu frá. Þeir afgreiddu þetta með einni þjóðaratkvæðagreiðslu: „Við ætlum að taka fullan þátt í varnarsamstarfi Evrópu“. Finnar gerðu þá grundvallarbreytingu, eins og við þekkjum, á stefnu í öryggis- og varnarmálum að ganga til liðs við Atlantshafsbandalagið og það gerðu Svíar einnig, en hlutleysi hefur verið nánast inngreipt í erfðaeefni Svía frá lokum Napóleónstríðanna. Þetta eru ekki litlar ákvarðanir. Þær eru ekki komnar til af engu.

Þessi mikla umræða hefur ekki skilað sér nægilega til Íslands. Ekki af fullum krafti fyrr en nýlega og ég gengst við því að hafa ýtt undir þá umræðu. Fyrir það hef ég fengið þakkar en það eru ekki allir glaðir með þessar áherslur. Mörgum finnst erfitt að ræða um öryggis- og varnarmál. Það er mjög skiljanlegt. En við tökum þessa umræðu ekki vegna þess að hún er auðveld heldur einmitt vegna þess að hún er erfið. Við verðum að ræða um öryggi og hugsa um öryggi því það er með öryggið eins og heilsuna, hún er á okkar ábyrgð og henni hrakar ef við ræktum hana ekki.

Í dag ræðum við öryggi í tengslum við hafið. Það fer vel á því kæru gestir. Hafið er og hefur alltaf verið drifkraftur hagsældar, og tengsla við umheiminn fyrir okkur Íslendinga. Öruggar siglingar, nýting auðlinda sjávar, yfirráð yfir efnahagslögsögunni og landgrunnsréttindin eru eitthvað sem við höfum þurft að berjast fyrir og standa vörð um. Utanríkisþjónustan hefur frá upphafi lagst á árarar með þjóðinni við að útvíkka og verja þessa hagsmuni, okkar sameign. Sú vinna er sífellt í gangi og snertir nær öll svið utanríkisþjónustunnar meðal annars þjóðarétt, samninga um auðlindanýtingu, umhverfis- og loftslagsmál, norðurslóðir og í vaxandi mæli öryggis- og varnarmál, svo fátt eitt sé nefnt.

Okkur hefur tekist að tryggja stöðu okkar í samstarfi við önnur ríki á grundvelli alþjóðalaga og alþjóðasamvinnu, jafnvel þegar hart hefur verið tekist á um ólíka hagsmuni, eins og við þekkjum frá útfærslu landhelginnar. Mikilvægum áfanga var einmitt náð nýlega, eins og Krístrún kom inn á, þegar Íslendingum voru tryggð fullveldisréttindi á landgrunninu á Reykjaneshrygg sem veitir okkur í senn réttindi og skyldur sem snúa að nýtingu auðlinda. Og mig langar sérstaklega af því að ég sé Birgir Hrafn Búason og Sesselju Sigurðardóttur frá laga- og stjórnsýsluskrifstofunni, að þakka þeim fyrir þrotlausa vinnu undanfarin misseri sem hefur á endanum skilað okkur þessum mikilvæga sigri fyrir okkur Íslendinga. Og ég ætla að fá að leyfa mér að klappa aðeins fyrir þeim, af því að þetta er búið að vera mikið mál. Þannig er þetta með stjórnsýsluna, mér finnst hún standa sig feykilega vel. Við leggjum aldrei árar í bát, við erum alltaf með augun á boltanum. Sum ár ganga betur en önnur, en við erum með augun á boltanum.

Þessi vinna snýst ekki aðeins um að verja hagsmuni okkar í einhvers konar baráttu við önnur ríki eða hagsmunaaðila heldur einnig, og það skiptir svo miklu máli, í skynsamlegu samstarfi við nágrannabjóðir

okkar. Við getum gert betur og þurfum að gera betur í að ná sátt um nýtingu sameiginlegra auðlinda með öðrum fiskveiðipjóðum, til þess að standa vörð um okkar grundvallarsjónarmið um sjálfbæra og ábyrga nýtingu auðlinda. Þá þurfum við líka að líta í eigin barm.

Framtíðin mun bera í skauti sér bæði tækifæri og áskoranir. Hraðfara loftslagsbreytingar hafa afgerandi áhrif á hafið og nýtingu þess. Nægir þar að nefna súrnun hafsins, afkomu og göngur fiskistofna, siglingaleiðir um norðurheimskautið, veðurfar og ísalög, allt þetta hefur áhrif á afkomu okkar og öryggi.

Á sama tíma erum við að upplifa öldurót í öryggis- og varnarmálum sem ekki sér fyrir endann á og við þurfum að bregðast við sjálf, en líka með öðrum. Við þurfum að vera verðugir bandamenn innan Atlantshafsbandalagsins og meðal Norðurlandapjóðanna.

Þær leikreglur og stofnanir, sem risu einmitt upp eftir seinni heimsstyrjöldina til að tryggja frið, tryggja frelsi, stöðugleika og velmegun, þær eiga nú undir högg að sækja. Augljósasta dæmið er auðvitað blóðugt landvinningastríð Rússa í hjarta Evrópu en við sjáum líka að tekist er á um leikreglur í alþjóðaviðskiptum og alþjóðasamskiptum. Hafið er auðvitað ekki undanskilið þessari öfugþróun, hvort heldur við horfum til umsvifa Rússlands á Eystrasalti eða Kína í Suður-Kínahafi.

Við þurfum að gæta vel að okkar öryggis- og varnarhagsmunum og vinna með öðrum ríkjum að því að viðhalda og treysta alþjóðalög, -réttindi og -skyldur. Við þurfum að treysta þau vináttubönd sem við eigum í rótgrónum bandalagsþjóðum, bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu. Við getum aldrei átt of marga vini og því fleiri stoðir sem við höfum undir varnir okkar, því stöðugri verða þær. Þetta skiptir ekki síst máli í tengslum við hafið, sem er okkar lífæð. Ég fæ oft þessa spurningu þessa dagana: „Ertu svona hrædd um að verði ráðist inn í landið?“ Ekki endilega er ég mest hrædd um það. En ég er hrædd um það að ef alþjóðalög eru ekki virt þá verði til að mynda landhelgin okkar ekki virt. Það eru erfið og vond tíðindi fyrir okkur Íslendinga og þess vegna verðum við að taka þessu alvarlega og vera fullir þátttakendur á alþjóðasviðinu og gera allt sem í okkar valdi stendur til að verja landið okkar og koma upp þeim vörnum sem hægt er.

Við reiðum okkur á að skip geti siglt óhindrað með vörur milli landa, að önnur ríki virði einmitt fullveldisrétt varðandi nýtingu hafsins og landgrunnsins og að sæstrengirnir sem tengja ríki saman í viðskiptum og samskiptum verði ekki fyrir skemmdarverkum. Öryggi hafsins er sem sagt grunnforsenda hagsældar og lífskjara Íslendinga, fjöreggið sjálft.

Þá verður ekki framhjá því horft að við erum nú þegar á gráu svæði milli friðar og átaka, laga og lögleysu. Óvinveitt ríki og hópar sem tengjast þeim, sem vilja okkur illt, leitast við að ógna neðansjávarinnviðum. Þeir beita daglegum netárásum, við vitum það að netárásir eru hluti af vopnabúri Rússa. Það er verið að trufla siglingamerki og nota lítt haffær skip eða svokallaðan skuggaflota til að fara á svig við þvingunaraðgerðir eða beita þeim jafnvel til skemmdarverka.

Því miður bendir ekkert til þess að rússnesk stjórnvöld ætli sér að snúa af ógæfubraut ófriðar og útpenslu yfirgangs. Það er því mikilvægt að fylgjast vel með umsvifum Norðurflotans, ekki síst kaþbáta, sem geta skapað verulegar áskoranir fyrir okkur Íslendinga og bandamenn okkar.

Aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin eru okkar akkeri. Við höfum lagt rækt við þessi tengsl ásamt því að styrkja samstarf við okkar helstu grannríki, ríkin sem þekkja einmitt vel til aðstæðna á Norður-Atlantshafi og á norðurslóðum og hafa getu og hafa vilja til að bregðast við á okkar nærsvæði, hvort heldur við horfum upp á slys eða spennuástand.

Landfræðileg lega Íslands, á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum, hefur alltaf markað okkar öryggisþólitísku stöðu og gerir okkur að mikilvægum hlekk í vörnum og öryggi Norður-Ameríku og Evrópu. Við höfum um langt skeið notið þessa, sem hefur verið hluti af okkar framlagi til sameiginlegra varnarskuldbindinga. En varnarskuldbindingar eru gagnkvæmar og krefjast þess að við hugum að eigin öryggi samhliða því að við leggjum okkar af mörkum til sameiginlegra varna og verðum verðugir og stöðugir bandamenn.

Okkar viðbragð þarf að fela í sér bættu eftirlitsgetu - bæði fjar- og rauneftirlit, greiningar og nánara samstarf við þau ríki sem við deilum hafsvæðum með. Verið er að byggja upp strandratsjár. Það er búið að fjárfesta í ömönnuðum kaþbát, efla tengsl við flotaherstjórn Atlantshafsbandalagsins og styrkja samráð við greiningardeildir hinna ýmsu flota. Öflugt starf og geta Landhelgisgæslu Íslands skiptir hér sköpum, hún skiptir hér höfuðmáli. En við þurfum að gera meira.

Stuðningur og aukin virkni í aðgerðum og verkefnum, með okkar bandamönnum, á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum eru mikilvægur þáttur í að árétta gagnkvæmar varnarskuldbindingar og sýna í verki getu og vilja til varnaraðgerða. Þess vegna höfum við tekið virkan þátt í að styðja kaþbátaleit bandalagsríkja og heimsóknir flota og kaþbáta sem sinna verkefnum við landið. Varnaræfingar og viðvera flota og flughers skipta hér lykilmáli. Þær gefa okkur Íslendingum, tækifæri til að vinna náið með okkar bandamönnum og þeim færi á að kynnast krefjandi aðstæðum á norðurslóðum, sem hafa fengið stórukið vægi í hinu alþjóðlega samhengi.

Þá þarf að huga að því hvernig við eflum áfallapol sem snýr að ógnum á hafi. Að flutningakerfi, fjarskipti og nýting okkar á auðlindum, séu varin fyrir áföllum og árásum og að við ráðum við áföll og ógnir sem við kunnum að verða fyrir. Forvarnir, góður undirbúningur og viðbragðsgeta skipta hér sköpum. Sú vinna hefur verið í gangi m.a. hvaða varðar neyðarbirgðir, eftirlit og varaleiðir fyrir samskiptastrengi auk víðtækrar úttekta á áfallapoli í góðu samstarfi við dómsmálaráðuneytið og Ríkislögreglustjóra. Þetta er verkefni okkar allra.

Við viljum sjá frið. Við viljum sjá stöðugleika og öryggi. Við viljum að frelsið okkar dýrmæta sé varið. Einmitt þess vegna setjum við kraft í þessi mál, skýrum okkar öryggis- og varnarstefnu, sú vinna er þegar hafin, ráðumst í aðgerðir og ýtum undir opna umræðu um hvernig við tryggjum okkur fyrir ógnum og áföllum sem við vonumst til þess að þurfa aldrei, aldrei, aldrei að takast á við. Vonin er mikilvæg og hún styrkist með áætlana og viðbragðsgetu. Við eigum ekki að vera óttaslegin, við eigum hinsvegar að vera fyrirhyggjusöm, við eigum að vera undirbúin í góðu samstarfi við okkar bandamenn.

Ég er sannfærð um það, góðir gestir, að umræðan í dag mun gefa okkur góðan byr í seglin, vera gott nesti fyrir þá mikilvægu vinnu, sem framundan er, sem snýst um það að tryggja öryggi okkar allra, öryggi okkar góða lands, öryggi fólksins í landinu.

Gangi ykkur vel og takk fyrir.

Öryggi nú og til framtíðar – Rennum ekki blint í sjóinn

Opnunarerindi: **Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir**, dómsmálaráðherra

Forsætisráðherra, utanríkisráðherra, aðrir góðir gestir.

Sjaldan hefur verið brýnna að ræða þjóðaröryggismál en akkúrat nú, opinskátt og af raunsæi. Og yfirskrift málstofunnar hér í dag er þjóðaröryggi: Íslendinga og hafið, en hafið í kringum landið er og verður fjöregg íslensku þjóðarinnar. Nýting þess hefur fært okkur velsæld og velferð í gegnum aldirnar. Um þetta þarf ekki að orðlengja.

Við börðumst fyrir lögsögunni og höfum verið í fararbroddi á alþjóðavettvangi um rétt strandríkja. En áfram eru áskoranir. Ég tek undir með forsætisráðherra og utanríkisráðherra sem báðar hafa nefnt mikinn og góðan sigur Íslands varðandi niðurstöðu um landgrunn. Landfræðileg lega okkar er mikilvæg í alþjóðlegu samhengi hvað varðar varnarsamvinnu en jafnframt varðandi siglingaleiðir fyrir til dæmis birgðaflutninga, öryggi á hafi og björgun.

Þetta tvennt, varnarsamvinna og landhelgisgæsla, verður vitaskuld ekki í sundur slitið. Styrkleiki okkar nú við þær aðstæður sem hafa teiknast upp á alþjóðavettvangi felst ekki síst í því, í mínum huga, að við höfum í gegnum tíðina samtvinnnað borgaralega innviði okkar við varnarinnaviði.

Hér mun Landhelgisgæslan við breyttar aðstæður gegna lykilhlutverki. Gæslan fer með lögregluvald á íslensku hafsvæði og sinnir þar öryggisgæslu. Hún sinnir björgun og hún sinnir landamæraeftirliti. Eftirlit með lögsögunni er hluti af skyldu okkar sem fullvalda ríki og undir þessu hlutverki verðum við að standa. Við eigum að efla vöktun í íslensku hafsvæði og horfa til framtíðarlausna þar um.

Íslenska þjóðin er stolt af Landhelgisgæslunni. Við sjáum þetta í ítrekuðum mælingum um traust til stofnana ríkisins og mikilvægi hennar er óumdeilt og mikilvægi hennar fer vaxandi. Ríkisstjórnin er samhent um það að efla Landhelgisgæsluna til að hún geti sinnt auknu hlutverki sínu nú og það birtist vel í nýrri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar þar sem yfirskriftin er öryggi og innviðir.

Þessi staðreynd um samhenda ríkisstjórn birtist sömuleiðis í því að nú er starfandi sérstök ráðherranefnd um öryggis- og varnarmál þar sem saman sitja formenn stjórnarflokkanna auk dómsmálaráðherra.

Kæru fundarmenn, sem ráðherra almannavarna sat ég fund í gærmorgun í samhæfingarstöð almannavarna. Tilefnið var einu sinni sem oftart náttúruhamfarir, eldgos í Grindavík. Þar vinna saman þennan morgun ríkislögreglustjóri, almannavarnir sem heyra þar undir, með aðstoð Landhelgisgæslu, í samvinnu við lögreglustjóran á Suðurnesjum, í samvinnu við björgunarsveitir og fleiri viðbragðsaðila. Fólk vann saman sem einn maður.

Það var mér dýrmætt að fá að vera á vettvangi og finna það, sjá og skynja hvernig reynslan vinnur með öllu viðbragði okkar í dag. Það var stoltur ráðherra almannavarna sem þar var stödd.

Við eigum dýrmæta borgaralega innviði og við höfum öðlast dýrmæta reynslu. Ekki síst vegna þess sem náttúran hefur lagt á okkur. Það var skýrt í allri framvindunni í gær. Markmiðið alltaf það sama, að tryggja öryggi fólksins í landinu og verja innviði. Þetta tókst í gær með miklum ágætum, einu sinni sem oftart.

Þessa reynslu af þéttni samvinnu eigum við nú að nýta okkur og byggja á. Og það er eindregin afstaða mín að við eigum að efla alla þessa innviði. Ríkisstjórnin hefur reyndar nú þegar hafist handa þar um. Við höfum tryggt fjármögnun fyrir töluverða aukningu og fjölgun í lögreglu, en ég hef áhuga á því að efla lögregluna annars vegar með fjölgun, hins vegar með því að efla heimildir í hennar págu.

Í breyttu alþjóðasamfélagi þurfum við Íslendingar að endurskoða nálgun okkar í öryggis- og varnarmálum og hlutverk lögreglu í þeim efnum er í mínum huga óumdeilt. Hin hefðbundna hernaðarógn er kannski ekki lengur eingöngu hefðbundin. Ríkisstjórnin undir forystu utanríkisráðherra okkar hefur boðað nýja varnarmálastefnu sem verður lögð fram á þinginu. Það verður starfandi þingmannanefnd þar um og ég er stolt af því að vita til þess hversu mikinn þunga utanríkisráðherra og forsætisráðherra setja í þetta verkefni.

Til hliðar verður áframhaldandi vinna í nánú samstarfi utanríkis- og dómsmálaráðuneytisins, enda sameiginlegur skilningur á því að öryggismálin og varnarmálin, og það má nú segja hér í ríkisstjórn sem er jafn þung af konum og reyndin er, öryggismálin og varnarmálin eru sem systur. Ráðuneyti almannavarna, lögreglu og Landhelgisgæslu munu vitaskuld taka þátt þar af fullum þunga.

Það eru vaxandi áhyggjur af annars konar ógn. Þær hafa verið ágætlega reifaðar af forsætisráðherra og utanríkisráðherra, það má nefna netárásir. Þær geta falið í sér skemmdarverk á innviðum neðansjávar, fjarskiptaköplum, og við þekkjum í sjálfu sér í reynd hverjar þessar ógnir eru. Skemmdarverk af þessum toga, geta reynst samfélagi okkar og samfélögum almennt séð gríðarlega dýrkeypt. Þess vegna er afar mikilvægt að við hugum að þessum innviðum, eftirliti og vörnum, og höldum áfram veginn þar um.

Ríki sem eiga heri eru að efla burði sína þar um. Hér hefur ekki verið íslenskur her. Aðrir innviðir því enn mikilvægari í því samhengi. Þeim mun mikilvægara er að efla Landhelgisgæslu, að efla almannavarnir, að efla löggæslu. Þeim mun mikilvægara er að tryggja að þessar stöðir vinni í samræmi við fastmótaða stefnu stjórnvalda í öryggis- og varnarmálum. Þeim mun mikilvægari er vitaskuld sterk alþjóðleg samvinna Íslands við önnur ríki. Þar hefur komið fram hjá utanríkisráðherra mikilvægi samstarfs Norðurlandanna og auðvitað samstarf við Nato sem og Bandaríkin. Við sjáum það mæta vel núna að Evrópa og Norðurlöndin hafa stigið fastar fram en áður.

Ágætu fundarmenn, hafið er kalt, hafið er svart, hafið er bjart og friðsælt, segir í þekktu íslensku dægurlagi. Hafið er kalt en hafið er líka bjart. Hafið hefur fært okkur velsæld en hafið hefur líka tekið. Það þekkir íslenska þjóðin auðvitað mjög vel. Í öryggismálum sjófarenda höfum við lyft grettistaki. Slys og andlát á sjó hafa í dag aldrei verið færri. Við munum byggja á þeirri reynslu núna þegar við ætlum að efla varnir okkar og öryggi með auknu eftirliti gagnvart öðrum öryggisógnum á hafi. Samhliða eigum við að horfa til reynslunnar hjá Landhelgisgæslunni sem ég er feykilega stolt af. Við eigum að horfa til reynslunnar þar og horfa til reynslunnar hjá almannavörnum og lögreglu.

Ég þakka áheyrnina.

Umræður

Málstofustjóri **Ásgeir Erlendsson**, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslu Íslands

Þátttakendur: **Auðunn Kristinsson**, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslu Íslands, **Ariel Pétursson**, formaður Sjómannadagsráðs, **Bergdís Ellertsdóttir**, sendiherra, **Elísabet D. Ólafsdóttir**, forstjóri Geislavarna ríkisins, **Halla Einarsdóttir**, sérfræðingur hjá Umhverfis- og orkustofnun, **Þorvarður Sveinsson**, framkvæmdastjóri FARICE

Í pallborðinu ræddu þátttakendur um áskoranir og tækifæri í öryggismálum í víðu samhengi.

Áskoranir og tækifæri

Þátttakendur nefndu að því miður væri fullt af brotalömum hvað varðar öryggismál og hafið. Birgðastaða olíu og hversu langan tíma myndi taka að gera við slitinn sæstreng voru dæmi um það sem brýnt væri að bæta úr. Einnig voru ýmsir annmarkar á getu Landhelgisgæslunnar nefndir, til að mynda takmarkaður viðbúnaður í flugi og hvorki nægt starfsfólk né fjármagn til að bregðast við mögulegu stórslysi. Tryggja þyrfti rekstrargrundvöll Landhelgisgæslunnar svo stofnunin geti gegnt lykilhlutverki sem leitar- og björgunaraðili og fullnægjandi viðbragðsgetu skipa- og flugdeildar hennar.

Þrátt fyrir að þátttakendur hafi almennt verið sammála um að það þyrfti að spýta í lófana var það einnig áréttað að margt væri gott. Byggt er á traustum grunni. Hins vegar þarf að efla og styrkja menntun sjómanna og landhelgisgæslu. Einnig var það nefnt að margt hefði áunnist á stuttum tíma, skilningur á mikivægi öryggismála væri að aukast og hefði aukist síðustu 20 árin.

Sjálfstæði og samvinna

Það kom skýrt fram í umræðunum að bæði væri kallað eftir því að Íslendingar bæru ábyrgð á öryggi í kringum Ísland en einnig að alþjóðleg samvinna væri grundvöllur öryggis. Áhersla var lögð á það að við þurfum sjálf að vakta svæðið í kringum Ísland þar sem svæðið er á okkar ábyrgð. Þetta þurfum við að gera fyrir okkur sjálf en einnig til að tryggja að bandamenn geti sinnt verkefnum fyrir öryggi Íslands. Það þarf að vanda vel til verka fyrir okkar eigið öryggi en einnig til að Íslendingum sé treyst til að sjá um þetta verkefni innan okkar lögsögu og ekki verði lagt til að erlendir aðilar sjái um vöktun í okkar lögsögu.

Einnig var rík áhersla á alþjóðasamstarf. Varðandi umhverfismál þarf að fullgilda alþjóðasamninga og fylgjast vel með þróun á alþjóðavísu. Aukinn áhugi er á nýsköpunarverkefnum í hafi svo sem eins og loftlagsverkfræðilegum verkefnum til að draga úr loftlagsáhrifum. Það er gríðarlega mikilvægt að lagaumgjörð hér á landi sé í takti við þessa þróun og hún styðji við sjálfbæra nýtingu og lágmörkun umhverfisáhrifa. Íslendingar þurfa bæði að vera í samskiptum við nágranna og læra af öðrum og eiga í upplýsingaskiptum við bandamenn. Meira samstarf við grannríki er mikilvægur partur af öryggi Íslands.

Mannauður og innviðir

Áhersla var lögð á að öryggi snýst líka um hæfni fólks. Við eigum mannauð í sjómönnum, rannsakendum og fræðafólki. En þekking og færni rofna ef þeim er ekki haldið við. Það þarf að hafa vel þjálfaðan mannskap sem kann vel á allan tækjabúnað sem til er. Einnig var nefnt að líta ætti til þess að færa stýrimannaskólann á háskólastig. Á sama tíma þarf að styrkja innviði. Það er nauðsynlegt að huga til að mynda að því að mengunarnarvinnubúnaður sé viðeigandi og vel við haldið og styrkja aðra innviði sem lúta að öryggi á hafi. Þessu tengt var lögð áhersla á fyrrihyggju og fjölbreytileika í tækni, t.d. möguleika á að nýta gervihnetti til að reiða sig ekki einungis á sæstrengi.

Breyttir tímar með nýjum ógnum

Lögd var áhersla á að við stöndum fram fyrir breyttum tímum og þar með nýjum og breyttum ógnum. Það er aukinn skipaumferð um íslenska lögsögu. Hluti af þessari auknu skipaumferð eru skip sem eru innan lögsögunnar í leyfisleysi, koma langt að, frá löndum sem hafa ekki áður verið að koma til landsins. Einnig eru kjarnorkuknúnir kafbátar í lögsögunni sem kalla á sérfræðipækkingu og vöktun. Vegna aukinna umsvifa og ógna er meiri áhersla á að sinna varnarmálum en mikilvægið mun aðeins aukast á næstu árum.

Ávarp

Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Kæru gestir, ég vil byrja á því að þakka þjóðaröryggisráði fyrir að halda ráðstefnu um þetta mikilvæga málefni og þakka líka fyrir tækifærið til að ávarpa ráðstefnuna. Ég held að það sé ekki þörf á því að fara að endurtaka það sem hér hefur komið fram um mikilvægi hafsins fyrir okkur Íslendinga.

Hér mætast hlýir og kaldir hafstraumar, en lífauðugustu svæði heimshafanna eru gjarnan á slíkum straumamótum og þar berast stöðugt næringarefni upp í yfirborðslögin þar sem nýtur ljóss. Blómgast þörungar sem aftur eru undirstaða ríkulegs dýralífs og auðugra fiskimiða. Þetta er auðvitað okkar gullkista. Gjafir hafsins héldu lífi í okkur Íslendingum á fyrri öldum og gerðu okkur kleift að brjótast úr fátækt og til hagsældar.

Þótt atvinnulíf okkar sé nú fjölbreyttara en nokkru sinni fyrr, þá er sjávarútvegur ennþá grunnstoðin og grundvöllur blómlegrar byggðar víða um land. Gjöfulir fiskistofnar geta einungis þrífist í heilbrigðu vistkerfi. Það segir sig líka sjálft að sjávarfang þarf, eins og öll matvæli, að vera laust við hættuleg mengunarefni. Og neytendur á tuttugustu og fyrstu öld vilja ekki bara einhvern fisk heldur hágæða hollustufæðu, helst vottaða sem slíka.

Umhverfisvernd í hafi er ekki bara góð í sjálfu sér, hún er líka mikilvæg fyrir orðspor Íslands og hún er góður business. Þá skulum við spyrja okkur: Er hafið umhverfis Ísland hreint og er vistkerfið heilbriggt? Er íslensk bláfæða, eins og sjávarfang er nú gjarnan kallað í alþjóðlegri umræðu, hollur matur sem stenst ströngustu gæðakröfur? Stutta svarið er já og já.

Niðurstöður úr mælingum sýna á hvítu að mengun hér, svo sem af völdum þrávirkra lífrænna efna og geislavirkra efna, er langt undir viðmiðunarmörkum. Hún er merkjanlega minni hér við land en til dæmis við strendur meginlands Evrópu og í sumum tilvikum fer hún jafnvel minnkandi. Þar er ekki síst að þakka alþjóðlegum samningum gegn mengun hafsins, til dæmis Stokkhólmssamningnum gegn þrávirkum efnum og Minamatasamningnum gegn kvikasílfursmengun. Einnig svæðisbundinni samvinnu eins og OSPAR-samningnum, þar sem Íslandi tókst ásamt öðrum að knýja fram að losun geislavirkra efna í hafið frá kjarnorkuendurvinnslu í Bretlandi og Frakklandi fari minnkandi.

Alþjóðasamvinna í umhverfismálum er stundum gagnrýnd. Þetta sé bara einhver hégómi, endalausar flugferðir fram og til baka. En staðreyndin er auðvitað sú, eins og þið þekkið hér, að hún skilar oft árangri sem er mjög sýnilegur og mælanlegur. Mengun yfir landamæri krefst fjölþjóðlegrar samvinnu og þar þarf Ísland að taka virkan þátt. En það eru blikur á lofti í mengunarmálum. Eitt efni öðrum fremur hefur verið í umræðunni um mengun í hafi á síðustu árum og það er plastið. Það er ekkert skrítið, sá sem fer í íslenska fjöru finnur þar fljótlega hitt og þetta drasl, jafnvel á óbyggðum og afskekktum stöðum. Á sex þúsund kílómetra strandlengju Íslands er vandfundin sá fjörupartur sem er tandurhreinn. Mest er þetta plast sem er hvítleið sjómengun, en vandinn er djúpstæðari en það. Plast brotnar niður í örsmáar agnir sem fljóta svo nærri yfirborði sjávar þar sem lífið blómstrar og með tímanum verður þar eins konar örplastssúpa. Plastagnir berast í lífkeðjuna. Þetta finnst í mögum sjötíu prósentu fýla við Íslandsstrendur. Reglulega birtast fréttir um örplast í matvælum og neysluvatni, í líkómum fólks, eiginlega hvar sem að er gáð og við vitum allt of lítið um áhrifin af þessu á heilsufar fólks.

En við vitum að þetta er ekki æskileg þróun og við erum sammála um það. Við vitum að tíu milljón tonn af plastúrgangi rata í heimshöfin á ári hverju og þetta magn fer vaxandi ár frá ári og það þarf að snúa þessari þróun við. Um helmingur af plasti fer í einnota vörur og á heimsvísu eru seldar milljón plastflöskur á hverri mínútu sem líður. Umbúðir um svaladrykk sem er notaður í augnabliksstund geta öðlast aldalangt líf sem rusl og örplast í hafinu. Það er erfitt að stöðva þessa þróun. En við verðum að gera okkar allra besta.

Nú í sumar á enn einu sinni að gera tilraun til þess að ná hnattrænu samkomulagi um plast og plastmengun eftir að slíkt mistókst á fundi í Kóreu í fyrra. Nú á að reyna í Genf. Ísland er á meðal ríkja sem beita sér fyrir metnaðarfullum samningi í þessum efnum sem tekur á öllum lífsferlum plasts og þessu mun ríkisstjórnin fylgja eftir. Það er margt sem er mótdrægt umhverfisvernd og alþjóðasamvinnu um þessar mundir en ég vona innilega að okkur beri gæfa til þess að að ná sem fyrst samningi gegn plastmengun, að þjóðum heimsins takist það og helst á þessu ári. Þetta yrði stór sigur fyrir málstaðinn um hreint haf.

En mesta ógnin sem steðjar að lífríki hafsins er auðvitað loftslagsváin, loftslagsbreytingar af mannavöldum og fylgifiskur hennar sem er súrnun sjávar. Sviðsmyndir varðandi súrnun sjávar eru því miður flestar frekar svartar. Að óbreyttu gæti svo farið að kóralrif hitabeltisins, tegundaríkustu vistkerfi hafsins, deyi nær algjörlega út fyrir aldarlok. Og líkleg áhrif súrnunar á lífríkið við Ísland eru ekki vel þekkt en geta orðið veruleg.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur styrkt Hafrannsóknastofnun til þess að ráðast í rannsóknir og vöktun þegar kemur að þessu og þetta skiptir máli. Hlýnun jarðar er auðvitað ekki bundin við lofthjúpin og raunar gleypir hafið mestan hluta hennar. Hlýnun sjávar hefur mælst óvenjulega mikil á síðustu misserum. Hún hefur áhrif á lífríkið en líka á straumakerfi heimshafanna. Við þekkjum umræðuna um straumakerfið í Norður-Atlantshafi sem vísindamenn kalla gjarnan AMOC en við kennum yfirleitt við Golfstrauminn. Við þekkjum þessa umræðu um að þetta geti allt saman umturnast ef hlýnunin fer yfir ákveðið stig. Það gæti auðvitað þýtt verulega staðbundna kólnun á Íslandi og nyrst í Evrópu, sem myndi ógna lífsskilyrðum okkar á meðan obbinn af hnettinum myndi hlýna verulega. Það ríkir auðvitað veruleg óvissa um það hversu líklegt er að einhver sviðsmynd í þessa veru raungerist, en hún er sannarlega ógnvænleg fyrir okkur Íslendinga.

Hvað stefnu stjórnvalda og aðgerðir til þess að fylgja þeirri stefnu eftir varðar, þá er niðurstaðan alltaf sú sama, sama hvaða sviðsmyndir við skoðum. Við verðum að hætta að dæla gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið, við verðum að vinna gegn losun. Við verðum að fanga meira af henni, binda meira af henni vegna þess að ef þróunin heldur áfram eins og verið hefur þá mun það umbylta náttúrufari og undirstöðum tilverunnar.

Góðir gestir, eins og ég nefndi áðan þá er hafið gullkista okkar Íslendinga. Það verður áfram grunnstoð velsældar okkar um ókomna tíð. Það er að segja ef okkur ber gæfa til þess að varðveita hana gegn þeim ógnum sem steðja að, sem sumar eru af okkar sjálfra völdum. Við leysum ekki loftslagsvána ein, við gerum það saman. Mengun berst langar leiðir svo það dugar ekki eitt og sér að skrúfa fyrir mengunarvaldana innanlands. Það skiptir máli hvað íslensk stjórnvöld gera varðandi loftslagsmál og mengun hafsins, ekki bara stjórnvöld heldur líka atvinnulíf, vísindasamfélagið og almenningur.

Við erum nú þegar í fremstu röð þegar kemur að nýtingu endurnýjanlegrar orku. Íslenskur sjávarútvegur er til fyrirmyndar varðandi söfnun og ábyrga förgun veiðarfæra úr plasti. Við skulum halda því góða starfi áfram og gera betur þegar þess er þörf. Við skulum sýna gott fordæmi þegar kemur að heilbrigði hafanna. Við erum ein ríkasta þjóð heims, við stöndum framarlega hvað varðar grænar lausnir, græna nýsköpun.

En við þurfum líka að standa vaktina á alþjóðasviðinu og við megum ekkert gefa eftir þar því það eru blíkur á lofti. Við höfum hag af og eigum mjög mikið undir því að varðveita heimsmynd þar sem alþjóðleg samvinna er virk og þar sem alþjóðalög eru virt. Við skulum setja markið hátt þegar kemur að umhverfisvernd í hafi og vera talsmenn aðgerða sem draga úr mengun hafsins og eru til þess fallnar að vinna gegn loftslagsvá.

Takk fyrir.

Hafið umhverfis Ísland - Mikilvægi traustrar vísindalegrar þekkingar

Anna Hulda Ólafsdóttir, skrifstofustjóri loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofu Íslands og **Hrönn Egilsdóttir**, sviðsstjóri Hafrannsóknarstofnunar

Góðan daginn, gott fólk. Það er gleðilegt að fá að vera með ykkur hérna í dag og fjalla um þetta mikilvæga málefni. Áður en við höldum lengra þá ætlum við að velta upp þessari spurningu: Hvað er það sem er í húfi fyrir Íslendinga þegar að kemur að hafinu? En við erum búin að fjalla ansi vel um þetta hérna í dag.

Hafið í kringum Ísland er ekki bara stór hluti af landslaginu okkar. Það má segja að það sé lífæð þjóðarinnar. Eða eins og skáldið segir á dagskrárkynningunni hérna: Föðurland vort hált er hafið. En lífríkið í sjónum er bæði einstakt og viðkvæmt og þar lifa fjölmargar lífverur sem við treystum á bæði beint og óbeint. Veðurfarið á Íslandi ræðst meðal annars af ástandi sjávar. Það má segja að með hlýnandi hafi verði veðurfarið óstöðugra og óveðrin fái nokkurs konar byr undir báða vængi og geti orðið bæði tíðari og öflugri. Úrkoman eykst og veðurmynstur breytast með afleiðingum á lífsskilyrði, innviði og náttúru. Síðast en ekki síst sjávarstöðubreytingarnar. Þær eru eitt stærsta viðfangsefni samtímans. Hækkandi yfirborð sjávar getur haft áhrif á lágsvæði við strendur bæði með aukinni flóðahættu og rofi. Þetta skapar áskoranir fyrir innviði, hafnir og byggð sem þurfa þá að standast meira álag og hættu heldur en áður. Það er alveg ljóst að breytingarnar sem eiga sér stað í hafinu umhverfis Ísland geta haft viðtæk áhrif á samfélagið okkar.

Það er mikilvægt að fá að vera með þetta erindi saman, því að samvinna stofnana er svolítið lykillinn að okkar árangri, það er að segja Íslendinga. En hafið er okkur dýrmætt fyrir margar sakir og það eru margir búnir að ræða það í dag. En við erum að tala um þjóðaröryggi og hafið og það er svolítið nýtt fyrir okkur að hugsa um þessar ógnir, það er að hugsa þetta í samhengi þjóðaröryggis. En í stuttu erindi er einungis hægt að stikla á mjög stóru um umfang og eðli allra þeirra ógna sem steðja að hafinu og þar með ógnir við þá þjónustu sem hafið veitir okkur.

Nokkrir punktar sem má minnst á hér. Hlýnun sjávar getur haft bein áhrif á vistkerfið og veðurfarið. En það eru líka aðrar breytingar sem verða á sama tíma og sjórinn hlýnar, það eru afleiddar breytingar, aukin lagskipting, lægri styrkur súrefnis. Á sama tíma er sjórinn að súrna. Með því að taka upp koldíoxíð úr andrúmsloftinu þá hefur sjórinn takmarkað umfang loftslagsbreytinga í heiminum, en það er ekki án kostnaðar því sjórinn er að súrna og kalkmettunarstig að lækka samhliða.

Við höfum virkilegar áhyggjur af þessari þróun hérlandis vegna aðstæðna í hafinu við Ísland því að sjórinn hér við land er að súrna hraðar en á flestum öðrum hafsvæðum í heiminum í dag. Afleiðingarnar eru ekki nægilega vel þekktar en við vitum að þær geta orðið miklar. Það er ekkert jákvætt sem getur komið út úr þessari þróun. Við þökkum Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu kærlega fyrir fjárstyrk sem mun styðja við rannsóknir á þessu sviði hjá Hafrannsóknastofnun. Á sama tíma erum við að horfa á ýmis önnur áhrif á okkar vistkerfi eins og mengun, t.d. plastmengun. Veiðiálag er líka hluti af álagi og annað rask. Ef við förum í námuvinnslu, þá er það rask. Þannig að við þurfum að horfa á heildarmyndina.

Eitt er vert að nefna en það er veltihringrás heimshafanna. Reglulega koma fram ógnvekjandi fyrirsagnir um hvað sé að fara að gerast á Íslandi þegar hún stöðvast og það mun vera mjög alvarlegt ef hún stöðvast. Ég hef rætt þetta við okkar hafvísindafræðinga því að reglulega birtast vísindagreinar um að annaðhvort sé að hægjast á veltihringrásinni vegna hækkunar hitastigs og bráðnunar, eða greinar þar sem sagt er að það sé ekki að gerast. Og hvað á fólk að halda?

Umræðan um AMOC eða veltihringrásina hefur hins vegar kennt okkur eitthvað um vísindin. Ein vísindagrein er ekki hinn fullkomni sannleikur heldur virka vísindin þannig að upplýsingar safnast saman helst með vísindarannsóknum nokkurra vísindahópa. Vísindafólk er stundum ósammála. Það þýðir ekki að vísindarannsóknirnar eða vísindin séu gölluð. Þvert á móti getur það verið einkenni heilbrigðrar vísindastarfsemi, því mismunandi nálgun getur leitt til mismunandi niðurstöðu. Það á að taka saman öll gögn og þekkingu sem safnast hefur, rýna efnið, komast að niðurstöðu til að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir um hvað við gerum. Það krefst sérfræðiþekkingar. Sérfræðiþekking er verðmæti og þarf að varðveita. Vissuð þið að það má telja fjölda hafeðlisfræðinga á Íslandi á fingrum annarrar handar? Ef við hugsum um umfang þessara ógna og hversu margir á landinu eiga að stunda þessar rannsóknir, þá er það kannski ekki í samræmi við ógnina.

Ef það hægist á veltihringrásinni eða jafnvel slökknar, þá eru afleiðingarnar vægast sagt miklar fyrir okkar þjóð og lífnaðarhætti. Okkar besta vísindafólk hefur þó bent á að gögn sem við höfum safnað, á Hafrannsóknastofnun meðal annars, sýna að það virðist ekki vera að hægja á veltihringrásinni. Við getum líklega sett þetta í flokkinn: Afleiðingar yrðu mjög miklar og alvarlegar, en líklega er þetta ólíklegur atburður. En þetta er samt ógn sem ber að taka alvarlega því við getum ekki alltaf séð allt fyrir.

Ógnin er mikil og fjölbætt, og það er ekki eitthvað eitt sem er að breytast, það er margt á sama tíma sem gerir okkur svolítið erfitt fyrir að spá fyrir um hverjar afleiðingarnar verða. Svo eru hafsvæðin og vistkerfin nokkuð flókin. Við þurfum á sérfræðingum að halda og við þurfum á vísindafólki að halda.

Þegar við stöndum frammi fyrir alvarlegum ógnum þá kallar það á hröð viðbrögð og þá er áhættan sú að hlaupið sé í aðgerðir sem eru illa upplýstar. Það er virkileg ógn ef við hlaupum af stað og tökum óupplýstar ákvarðanir. Ógnin sem felst í loftslagsbreytingum er mikil ógn og það er mikið kapphlaup í gangi sem felst meðal annars í að finna aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eða áhrifum þeirra. Bent hefur verið á að einn stærsti geymir kolefnis á jörðinni er hafið. Mikilvægt er að skoða hvort að hægt sé að nýta hafið til að fjarlægja kolefni úr andrúmslofti og draga þá úr loftslagsbreytingum eða gróðurhúsaáhrifum. Pressan er mikil og skapar hættu á því að farið verði í aðgerðir á grunni þess að selja kolefniseiningar án þess að þessar aðgerðir virki á nokkurn hátt og í verri tilfellum þannig að þær skaði vistkerfið sjálft. Þvílík sóun.

Ógnin er mikil og við mannfólkið eigum að framkvæma rannsóknir á því hvort og hvernig slík aðferð gæti virkað og hver áhrifin á vistkerfið gætu orðið. Ef við söfnum ekki þekkingu er hættu á því að farið verði í aðgerðir sem eru ekki vel ígrundaðar og kannski frábær söluvara en virka ekki.

Þessi hugmynd að nota hafið til að farga kolefni eins og við höfum séð aðeins í fjölmiðlum er líka lexía um þá ógn sem felst í upplýsingaóreiðu í dag. Upplýsingaróreiða er ein af stærstu ógnunum sem steðja að vísindum í dag. Án vísinda hugsum við ekki vel um hafið. En það sem við þurfum er sérfræðiþekkingin. Því án hennar getum við ekki túlkað öll þessi gögn og upplýsingar. Vöktun og rannsóknir eru ein dýrmætustu gögn sem við eigum. Við verðum að passa upp á öflugar vísindastofnanir og vísindastarf yfir höfuð. Það er ánægjulegt að hlusta á stjórnvöld hér í dag og fjölda ráðherra tala um og vera sammála um mikilvægi vísinda og vísindastofnana og vísindastarfs.

En í hvað notum við gögn? Oft hugsum við um gögn sem einhvers konar endapunktur, eins og markmiðið sé einfaldlega að safna sem mestu magni af upplýsingum. En gögnin eru ekki markmið í sjálfa sér, þau eru verkfærin okkar. Þau eru tæki sem við eigum að nýta til þess að skapa betri og öruggari framtíð. Við notum gögn til þess að skilja hvernig náttúran breytist og þróast. Þau hjálpa okkur að greina hvar samfélög eru viðkvæm og helstu áhættur sem steðja að okkur, hvort sem það eru sjávarflóð, jökulhlaup eða einhver önnur áhrif loftslagsbreytinga.

Gögnin hjálpa okkur að forgangsraða og taka upplýstar ákvarðanir. Við þurfum til dæmis ekki lengur að tala um sjávarflóð sem eitthvað sem gæti gerst í framtíðinni. Nýlegar fréttir, bæði innanlands og erlendis, sýna okkur að þetta er eitthvað sem er veruleiki í dag. Þau eiga sér stað hér og nú og hafa afleiðingar fyrir bæði fólk, eignir og innviði. En við þurfum ekki að styðjast við fréttir frá samtímanum til þess að

skipuleggja okkur fyrir framtíðina. Því að við höfum vísindaleg gögn sem sýna okkur hvernig hækkandi sjávarstaða og tíðara öfgaveður skapar aukna áhættu. Við höfum heyrt hærra ákall en áður eftir auknu fjármagni til dæmis til sjóvarnar, en þetta ákall er ekki bara byggt á tilfinningu eða ótta, heldur erum við nú með vísindaleg gögn.

Veðurstofan hefur nú birt fyrstu útgáfuna af loftslagsatlas Íslands á nýjum vef stofnunarinnar (<https://gottvedur.is/loftslagsbreytingar/>). Atlasinn veitir innsýn inn í það hvernig loftslag á Íslandi gæti þróast og breyst til loka aldarinnar. Þessi gögn í atlasinum er hægt að nýta á ýmsan máta til þess að meta viðkvæmni samfélaga gagnvart loftslagsbreytingum og mögulegar áhættur sem þeim fylgja. Atlasinn er frábært dæmi um það hvernig vísindaleg gögn eru gerð aðgengileg fyrir almenning, sem þannig nýtist sem mikilvægt verkfæri til þess að styðja við stefnumótun og ákvarðanatöku í tengslum við aðlögun að loftslagsbreytingum með breytta framtíð í huga.

En hvernig gagnast þessar tilteknu upplýsingar okkur? Atlasinn notar vísindaleg gögn á hnattrænum skala og setur þau yfir í skala sem hentar okkur á Íslandi. Við veljum svo vísa til að setja í atlasinn í samtali við hagsmunaaðila og þessi gögn er hægt að nota til að móta stefnu og skipulag. Sem dæmi er hægt að nota sjávarstöðugögn til að skipuleggja byggð með tilliti til framtíðar. Skipulagsmál leiða svo af sér aðgerðir og aðgerðirnar skila sér til samfélagsins og svo eru það fulltrúar samfélagsins sem eiga í samtali við okkur um framþróun atlasins.

Loftslagsatlasinn er formlegur farvegur viðurkenndra sviðsmynda og þetta er mikilvægt þegar við tölum um upplýsingaöreiðu. Með því að hafa formlegan vettvang dregur það úr upplýsingaöreiðu. Atlasinn veitir innsýn inn í mögulegar framtíðir sem auðveldar okkur þannig að móta stefnu og ákvarðanatöku. En ekki síst er hann töl sem gerir okkur kleift að taka betri ákvarðanir til lengri tíma og taka tillit til þess sem koma skal.

Til að byrja með blasir við okkur kort af Íslandi þar sem við getum til dæmis valið að horfa á allt landið í einu. Við getum líka valið hvort við ætlum að horfa á árið í heild eða einstakar árstíðir. Svo veljum við hvaða losunarsviðsmynd við notumst við. En þetta er allt niðurskalaðar sviðsmyndir frá milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna. Svo getum við valið breytingu sem er aðeins mismunandi fyrir hvaða loftslagsvísi sem við veljum í upphafi. Í flestum tilfellum er hægt að velja milli breytinga frá viðmiðunartímabilinu, 1981 til 2010. Því næst veljum við hversu langt við viljum horfa fram í framtíðina og getum valið milli þriggja mismunandi framtíðarpunkta, í byrjun aldar, miðbik aldar eða lok aldar. En við þurfum ekki að skoða gögn fyrir allt Ísland í heild, við getum líka fært okkur niður á byggðarkjarna og skoðað tímaráðir fyrir hundrað og tíu byggðakjarna í kringum landið. Svo hægt að hlaða niður öllum gögnunum og nálgast þau á mismunandi vegu. Öll gögnin sem eru notuð til grundvallar í atlasinum eru opin og aðgengileg. Það er hægt að hlaða þeim niður á tölulegu formi. Við sjáum fyrir okkur í framtíðinni að það verði hægt að hlaða niður skýrslum fyrir sveitarfélögin.

En við erum komin hérna saman til að ræða um hafið og í þessari fyrstu útgáfu af þessum atlas, þá má finna gögn um sjávarstöðubreytingar. Það má hlaða niður gögnum fyrir sjötíu og sjö staði í kringum landið fyrir sjávarflóðið. Ekki jafn mörg og fyrir alla byggðakjarnana þar sem þeir eru ekki allir við strendur landsins. Atlasinn er í stöðugri þróun. Þetta er fyrsta útgáfan og er með þessum helstu grunnlykilbreytum. Næsta útgáfa af atlasinum krefst frekara samtals við hagsmunaaðila. Við tökum ánægð á móti endurgjöf. Önnur atriði sem við sjáum fyrir okkur til dæmis að koma í framtíðaruppfærslu eru einhvers konar afleiddar sviðsmyndir í samvinnu við aðrar fagstofnanir og sveitarfélög, eða jafnvel vendipunktasviðsmyndir eins og þessa sem við höfum aðeins rætt í dag um AMOC og tengja við önnur lykilverkefni hjá Veðurstofunni eða jafnvel viðkvæmnivísa fyrir sveitarfélögin. Það er hægt að taka þetta í margar áttir.

En að lokum. Til þess að skilja áhrif loftslagsbreytinga betur, vernda vistkerfi og tryggja framtíðar afkomu samfélagsins, þurfum við að byggja ákvarðanir á traustri gagnadrifinni vísindalegri þekkingu. Þannig og bara þannig getum við tekið upplýstar ákvarðanir. Verðmæti gagna og vísindalegrar þekkingar er því ómetanlegt í þessu samhengi.

Upplýsingaóreiða er ógn sem nauðsynlegt er að sporna við. Þetta er mikil ógn við vísindin og við okkar starfsemi. Við þurfum ekkert að horfa sérlega langt, það er að segja til Bandaríkjanna, til að sjá að það er búið að grafa í fjölda ára undan þeirra helstu vísindastofnun sem hefur að gera með haf og veðurmál. Núna er unnið stíft að því að mola hana niður og þegar það er gert tapast sérfræðipækking til margra áratuga jafnvel. Áhættan er gríðarleg og við getum lent í því sama ef upplýsingaóreiða nær að taka hér völdin í miðlum. Ísland þarf að standa framarlega í að tryggja að upplýsingar séu aðgengilegar. Stofnanir þurfa að tryggja að það sé hægt að leita til þeirra til að fá öruggar upplýsingar. Fjölmiðlar hafa þarna mikilvægt hlutverk við að tryggja að upplýsingaóreiðan taki ekki völdin, sérstaklega ríkisfjölmiðlar. Þetta er raunveruleg ógn við að við tökum upplýstar ákvarðanir inn í framtíðina um málefni hafsins. Ísland á þarna að vera leiðandi. Við höfum alla burði til þess. Við getum verið fyrirmynd annarra ríkja, sérstaklega þegar önnur ríki eru í erfiðleikum. Því að þau munu koma til baka og þá þurfa þau að leita jafnvel til okkar sem fyrirmynd.

Auðlindir nú og til framtíðar - Sækjum ekki værd í unna sigra

Opnunarerindi: **Hanna Katrín Friðriksson**, atvinnuvegaráðherra

Komið þið sæl kærur gestir. Mig langar til að byrja á að þakka þjóðaröryggisráði fyrir þetta góða framtak sem hefur greinilega verið þarft ef marka má þessa góðu mætingu hér í dag.

Ísland er ekki bara landið sem við stöndum á. Ísland er meðal fimmtán stærstu sjávarútvegsríkja heims. Við erum fyrirferðarmikill og áberandi þátttakandi í málefnum hafsins og málsvari sjálfbærrar auðlindanýtingar.

Hafið er fjöregg íslensku þjóðarinnar. Við Íslendingar teljum það kannski sjálfsagt að nýting hafsvæða sé arðbær iðnaður en á hnattrænan mælikvarða, þá er það alls ekki sjálfsagt, heldur jafnvel undantekning. Þegar litið er til annarra landa er sjávarútvegur oftast en ekki mikið niðurgreiddur á einn eða annan hátt, liður í þróunavinnu, hluti af ríkisstyrktri byggðastefnu eða þýðingarlítil tómsundaiðja.

Á Íslandi hins vegar er hafið og nýting þess ein undirstaða lífskjara á landinu. Sjávarútvegur á Íslandi er blómstrandi iðnaður. Af hverju? Það má skýra með tvennu. Annars vegar hvernig við höfum stýrt nýtingu hafsins inn á við og hins vegar því hvernig við höfum gætt hagsmuna okkar út á við.

Ef við byrjum að horfa hérna innanlands þá má hrósa okkur fyrir að frá upphafi hefur nýting okkar verið með sjálfbærni að leiðarljósi. Löngu áður en sú hugsun var orðuð á þann hátt.

Á meðan margar aðrar þjóðir fóru illa að ráði sínu í eigin efnahagslögsögum, ofnýttu auðlindir og gengu af nytjastofnum dauðum, hefur Ísland lengst af byggt veiðar á sterkum hafrannsóknum og sett kvóta á nýtingu út frá bestu vísindalegu gögnum.

Um það bil þriðjungur af öllum þeim fiski sem við veiðum, veiðum við er úr okkar eigin stofnum, þ.e. fiskistofnum sem einungis synda í íslenskri lögsögu.

2/3 af magninu er hins vegar fengið úr deilistofnum, þ.e.a.s. stofnum sem synda milli lögsagna ríkja og við þurfum að semja um hlutdeild okkar í þeim veiðum. Og þar komum við að hinni ástæðu íslenskrar velgengni. Það er að segja fyrirsvar okkar og hagsmunagæsla á alþjóðavettvangi. Eftir það sameinaða átak sem þjóðin fór í til að berjast fyrir réttinum til sérefnahagslögsögu vorum við grjóthörð í því að standa vörð um okkar ýtrasta rétt samkvæmt þeim alþjóðasamningum sem við gerðum og erum aðilar að. Í einfölduðu máli, við pössum upp á það með kjafti og klóm hvað við megum nýta og hvar við megum nýta það.

Við höfum ekki aðeins staðið vörð um kjarnahagsmuni hafsvæðanýtingar, heldur einnig passað upp á að halda stöðu okkar í útvarðarpóstinum. Það þýðir ekki að við ætlum að fullnýta hverja einustu tegund eða náttúrufyrirbrigði sem eru á hafsvæðunum. Það þýðir bara að við afsölum okkur engum gæðum heldur áskiljum okkur rétt til að meta umfang nýtingar hverju sinni í samræmi við gildandi lög og samninga.

Málefni sjávarútvegs og auðlindanýtingar í hafi eru í dag á mun fleiri og dreifðari vettvöngum en við síðustu aldamót. Og við á Íslandi þurfum að gæta þess að fyrirsvar okkar erlendis sé kjarnahluti utanríkisstefnu okkar. Við þurfum að gera allt sem við getum til að tryggja að hafið verði framtíðarkynslóðum sama uppspretta lífsgæða og það hefur verið fyrri kynslóðum.

Ef við lítum til baka yfir fullveldistíð Íslands þá sjáum við að hlutur sjávarútvegs í vöruútflutningi var stóran hluta 20. aldarinnar yfir 80%, fór hæst í 97%. Með vexti annarra útflutningsgreina, þá helst stóriðju og ferðaþjónustu, hefur þetta hlutfall lækkað en sérstaða sjávarútvegsins er enn til staðar og mun áfram verða.

Það má færa fyrir þessu rök að af þessum þremur stoðum íslenska hagkerfisins sé sjávarútvegurinn mögulega áreiðanlegasta tekjulindin, vegna þess að í sjávarútvegi hafa Íslendingar aðgang að frumauðlindinni, þ.e. hráefninu sjálfu. Hráefnið er svo nýtt og unnið á margvíslegan hátt hérlandis, auk þess að vera grundvöllur fjölda annarra fyrirtækja í afleiddri starfsemi og nýsköpun.

Af þessum þremur stoðum hefur það líka verið sjávarútvegurinn sem krefst mikils og viðvarandi fyrirvars á alþjóðavettvangi. Málefni hafsins og fiskveiðar teljast því til kjarnahagsmuna Íslands.

Það er þess vegna mikilvægt að hugað sé að þeim grunnstoðum sem hafa undirbyggt sjávarútveginn. Þannig þarf að hlúa að hafrannsóknum og tryggja að þær séu vel fjármagnaðar og skipulagðar. Það þarf að tryggja kerfi auðlindanýtingar sem ýtir undir verðmætasköpun og nýsköpun. Loks þarf að tryggja þátttöku og fyrirvar Íslands á alþjóðavettvangi. Allt eru þetta mál sem núverandi ríkisstjórn leggur ríka áherslu á.

Þróun fiskveiða lagði grunninn að framförum og hagvexti í landinu og til framtíðar eru mikil tækifæri í nýtingu sjávarauðlinda og hafsbotnsréttinda. Við þurfum að vera, og við ætlum að vera, samstíga í því að grípa þau tækifæri þjóðinni til hagsbóta.

Takk fyrir.

Auðlindir nú og til framtíðar - Sækjum ekki værd í unna sigra

Opnunarerindi: **Daði Már Kristófersson**, fjármála- og efnahagsráðherra

Góðir gestir. Ég vil byrja á að þakka Þjóðaröryggisráði fyrir að boða til þessa málþings og vil leggja út frá yfirskrift þess, Íslendingar og hafið. Það er mjög athyglisvert að velta því fyrir sér að þrátt fyrir það náðbýli sem við eigum við þær gjöfugu auðlindir sem umkringja Ísland, þá lifðu Íslendingar í fátækt og jafnvel í gegnum hungursneyðir í gegnum aldirnar. Minn ágæti kollegi bráinn Eggertsson hefur gert þetta að umtalsefni í sínum rannsóknum, hvernig stóð á því að hér svalt þjóð sitjandi á stærstu matarbirgðum sem nokkur þjóð í Norður-Evrópu hafði aðgang að miðað við höfðatölu.

Svarið er í sjálfu sér mjög einfalt. Okkur skorti búnaðinn og þekkinguna til að nýta auðlindina. Þær Hrönn og Anna gerðu raunar að umtalsefni nákvæmlega það sem ég ætla að gera að umtalsefni, og það er hversu mikilvæg þekking og uppsöfnun hennar og nýting hefur verið auðlindanýtingu á Íslandi á undanförunum áratugum.

Haft er eftir þeim ágæta manni Dwight Eisenhower að hamingjan í einu landi sé rétt mæld í hlutfalli lögfræðinga og verkfræðinga. Ég ætla að leyfa mér að efast um það, alla vega þegar kemur að hafréttarlögfræðingum, af því að þeir hafa reynst þyngdar sinnar virði í gulli. Árangur Íslands í að tryggja sér rétt, þrátt fyrir herleysi, þrátt fyrir smæð, þrátt fyrir að vera ekki í stakk búið til að beita nágranna sína neinu öðru ofbeldi en að siga á þá hafréttarsérfræðingum, sýnir það.

Við útvíkkuðum lögsöguna í nokkrum áföngum eins og allir í þessum sal vita. Til þess þurfti kjark íslenskra stjórnmalamanna, vilja íslensks sjávarútvegs, þor og kjark Landhelgisgæslunnar og sérfræðinga í hafrétti. Við vorum núna alveg nýverið að tryggja okkur umfangsmikil réttindi á landgrunninu suðvestur af Íslandi, aftur á grundvelli fyrirkomulags sem að því miður við sjáum ákveðnar ógnir við í dag. Það er hið frjálsslynda, opna, reglubýggða alþjóðlega kerfi. Það er á grundvelli þess sem að málefnaleg sjónarmið íslenskra sérfræðinga um réttindi íslensku þjóðarinnar náði hljómgrunni miklum mun stærri aðila.

Þær ágætu vísindakonur Hrönn og Anna töluðu um sérfræðiþekkingu. Hér er aftur dæmi um sérfræðiþekkingu sem hefur skipt okkur gríðarlega miklu máli. Og sú stærsta ógn sem ég sé er að undan þessu kerfi verði grafið. Það er gríðarlega mikilvægt að alþjóðareglur verði áfram virtar, að samskipti þjóða byggja áfram á alþjóðalögum og mati á hagsmunum. Það er mjög mikilvægt að Ísland stilli sér framarlega í hóp þeirra þjóða sem tala fyrir að þetta kerfi haldi velli.

Góðir gestir, ef við tölum áfram um þekkingu og kannski ekki nákvæmlega sömu þekkingu og Hrönn og Anna nefndu hér áðan, heldur almennt séð þekkingu þá sem þarf til þess að gera auðlind að verðmætum. Til þess þarf fólk og fjárfestingar, þekkingu á því hvernig þú breytir frjálsum fiski sem syndir um hafið í útflutningsverðmæti sem einhver vill kaupa.

Hér höfum við náð mjög miklum árangri. Fyrst vil ég nefna auðlindastjórnina sjálfa. Ég hef þegar nefnt útvíkkun lögsögunnar. En auðlindastjórnunin hefur líka reynst okkur erfið eins og eiginlega öllum þjóðunum sem hafa búið við gjöfuga fiskveiðiauðlind. Í upphafi töldum við að umfang áhrifa mannsins á þessi vistkerfi væri svo lítið að þau skiptu engu máli. Það reyndist ekki rétt. Það hefur hvergi reynst rétt. Það tók okkur langan tíma að ná tökum á þessari stýringu en það tókst okkur í nokkrum áföngum á grundvelli vísinda. Kvótakerfið sem á sínum tíma var tekið upp og hefur á margan hátt mótað þann skilvirka sjávarútveg sem Íslendingar eiga er dæmi um slíkt kerfi og við vorum með allra fyrstu þjóðum í heiminum til að innleiða slíkt kerfi. Þau eiga sér grunn í minni fræðigreini, hagfræðinni. En til þess að geta innleitt þau þurfti líka kjark og vilja og sýn um mikilvægi þessarar atvinnugreinar.

Annað dæmi er aflaregla. Þeir sem þekkja til sögu aflareglna á Íslandi kannast kannski við að þær eiga sér grunn í vinnu sem hófst fyrir aldamót. Á árinu 1993, ef ég man rétt og var samvinnuverkefni Þjóðhagsstofnunar, Háskóla Íslands, Hafrannsóknastofnunar og Samtaka útgerðarmanna. Sú vinna snéri að því að reyna að meta hvert heppilegt umfang heildarveiða ætti að vera. Nú var það því miður þannig að sú mæð sem ég lagði á stjórnámamenn sem fylgdu úr hlaði útvíkkun lögsögunnar verður ekki lögð á stjórnámamenn sem unnu gegn aflareglu. Því miður tók á annan áratug að innleiða þá reglu sem lögð var til 1997. En þegar það var gert 2006 sáum við umsvifalaust að því árin. Þorsstofninn fór strax að stækka, veiðarnar urðu hagkvæmari og það sem meira er, umhverfisáhrif þeirra minnkuðu. Ísland sýndi að á grundvelli þekkingar er hægt að ná þeim árangri að vera bæði með arðbærari sjávarútveg og umhverfisvænni sjávarútveg á sama tíma. Þetta er árangur sem er byggður á grunni þekkingar.

Það er líka margt annað spennandi að gerast í því sem við getum kallað bláa hagkerfið. Hefðbundnar fiskveiðar, samhæfing veiða og vinnslu og bætt gæði hráefnis hafa gert það að verkum að nýtingarhlutfall þess sem kemur upp úr sjó hefur stöðugt farið hækkandi og er nú á Íslandi með því allra besta sem þekktist í heiminum. Margt af því lyginni líkast og ég nefni í því samhengi fyrirtækið Kerecis á Ísafirði sem gerir lækningavörur úr þorskroði.

En það er fleira sem er að eiga sér stað. Fiskeldi er að ryðja sér til rúms og þó að séu skiptar skoðanir um fiskeldi, þá er alveg ljóst að tækifæri Íslands til þess að byggja upp eldi sem sjálfbæra, umhverfisvæna og ábatasama atvinnugrein eru umtalsverð.

Til viðbótar koma ýmis önnur tækifæri. Þörungavinnsla hefur lengi átt sér stað við Íslandsstrendur en hún hefur verið að aukast. Vinnsla botnefna, ýmis önnur tækifæri eru til staðar sem að munu halda áfram að skapa verðmæti fyrir íslensku þjóðina um ókomna tíð.

Rannsóknir eru þar grundvöllur. Rannsóknir á auðlindunum, rannsóknir á möguleikunum til þess að gera verðmæti úr þeim auðlindum. Matvælafræði, hafrannsóknir, allt hjálpast þetta að við að skapa grundvöllinn fyrir áframhaldandi aukna verðmætasköpun úr íslenska hagkerfinu. Til þess þarf fjárfestingar. Fjárfestingar ríkisins í rannsóknum og menntun, fjárfestingar fyrirtækja í nýsköpun. Það er fullkomlega eðlilegt að við lítum á þetta sem sameiginlegt verkefni okkar allra, að það sé eðlilegt að fjárfestingar okkar í grunni atvinnugreina skili sér í arði til samfélagsins sem nýttur er til áframhaldandi fjárfestinga og uppbyggingar Íslendingum öllum til heilla.

Að síðustu, við Íslendingar verðum að tryggja rétt okkar til auðlindanna okkar og taka virkan þátt í samstarfi þjóða um að viðhalda því frjálslýnda reglubýggða kerfi sem hefur tryggt okkur umráðin yfir okkar auðlindum og getuna til að gera úr þeim verðmæti fyrir íslensku þjóðina.

Takk fyrir.

Umræður

Málstofustjóri **Stefán Ásmundsson**, sérlegur ráðgjafi í málefnum hafsins og fiskveiðum, utanríkisráðuneyti

Pallborðsumræður: **Birgir Hrafn Búason**, deildarstjóri á laga- og stjórnsýsluskrifstofu utanríkisráðuneyti, **Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir**, forstöðumaður Rannsóknaseturs á Vestfjörðum, **Heiðrún Lind Marteinsdóttir**, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi **Jóhann Sigurjónsson**, sjávarlíffræðingur og fyrrv. sérlegur erindreki utanríkisráðuneytis í málefnum hafsins og **Kolbeinn Árnason**, skrifstofustjóri skrifstofu auðlinda, atvinnuvegaráðuneyti

Titill pallborðsins, sækjum ekki værð í unna sigra, var rauður þráður í umræðunum þar sem farið var yfir sigra, ógnir og framtíðarsýn.

Sigrar og ógnir

Þátttakendur í pallborði lögðu áherslu á að ýmsir mikilvægir sigrar hefðu unnist á sviði hafmála, einkum varðandi útvíkkun efnahagslögsögunnar og landgrunsmál. Mikil vinna og langur tími hefur farið í að ná fram slíkum hagsmunamálum sem byggt hefur m.a. á gömlum sigrum. Það er því margt jákvætt varðandi núverandi stöðu, sem ekki síst má þakka færni íslensks fræðafólks á sviði hafmála og auðlindanýtingar. Mikil áhersla var lögð á að það að gæta auðlindanna sé viðvarandi verkefni.

Lánleysi ríkja við norðaustanvert Atlantshaf að ná samkomulagi um stjórn veiða úr verðmætum fiskistofnum, sem ganga inn og út úr lögsögum þeirra (deilistofnar), er mikið áhyggjuefni, þar er einkum um að ræða makríl, kolmunna og síld. Til að mynda er norsk-íslenski síldarstofninn á hraðri niðurleið vegna ofveiði ríkja í Evrópu, sem nauðsynlegt er að binda endi á.

Ísland er stórveldi í fiskveiðum, en er þó lítil þjóð með litla stjórnsýslu og getur því ekki verið alls staðar og þarf að velja sér vettvang til að gæta hagsmuna okkar. Viðvera okkar í stofnunum Sameinuðu þjóðanna er varða auðlindirnar er mikilvæg. Hafa þarf í huga að framkvæmd hafréttar og annarra fiskveiðihagsmuna er í stöðugri þróun, ekki síst á vettvangi Sp, sem kallar á virka og stöðuga þátttöku.

Efla þarf hvers kyns haf- og fiskirannsóknir til að stuðla að sjálfbærni nýtingar og tryggja þarf mannauð á sviði málefna hafsins.

Tækifæri og framtíðarsýn

Framtíðin kallar ekki einungis á að varast og verjast ógnum. Lögð var áhersla á að það þyrfti líka að huga að öllum sóknarfærunum. Það eru ýmsar nýjungar og tækifæri til staðar, til að mynda fiskeldi, þang og þörungar víða í kringum landið og háhitasvæði á Reykjaneshrygg. Að skoða það hvernig best sé að nýta auðlindirnar krefst samvinnu og ábyrgðar og það er mikilvægt, sérstaklega varðandi landgrunnið, að það verði okkar ákvörðun, hvort og hvernig nýjar auðlindir verði nýttar.

Einnig var kallað eftir því að við sem þjóð myndum okkur skýra framtíðarsýn um hvernig við viljum að auðlindir séu nýttar. Slík sýn krefst bæði langtímahugsunar og forgangsöðunar. Hluti af því sem þarf að huga að í framtíðinni til að geta nýtt öll tækifæri er að fá fleira ungt fólk til að mennta sig í málefnum hafsins. Þetta þarf að gerast á fyrstu stigum skólagöngunnar. Huga þarf að ímynd sjávarútvegsins, gera þessi störf sýnileg sem og fólkið sem vinnur við þau og tryggja að til staðar séu hæfir háskólakennarar á sviði hafmála og auðlinda sjávar.

Rætt var hversu erfitt er að koma á samningum um deilistofna og að mögulega þurfi að endurhugsa hvernig staðið sé að samningaviðræðum. Því var velt upp hvort betur myndi ganga ef aðilar úr atvinnulífinu kæmu sterkar inn, frekar en embættismenn. En einnig var lögð áhersla á að það þurfi alltaf pólitískt afl til að ljúka erfiðum samningum. Þetta tengdist umræðum um mikilvægi samvinnu almennt, meðal rannsóknastofnana, atvinnulífsins og stjórnvalda, en jafnframt nauðsyn þess að virkja utanríkisráðuneytið enn betur. Samvinna bar einnig á góma þegar rætt var um að bæta þyrfti bæði eftirlit á sjó og rannsóknir og því varpað fram að meiri aðkoma atvinnulífsins og samvinna milli atvinnulífs og rannsóknastofnana væri eitt af því sem þyrfti að skoða til að tryggja sem bestan árangur.

Lokaorð

Pórunn J. Hafstein, ritari þjóðaröryggisráðs

Það er mjög gaman að horfa yfir þennan góða hóp og það er mjög gaman að hafa setið hér í dag og hlustað á frjótt, gott og skapandi fólk fræða okkur um málefni hafsins. Við vorum heppin að fá fimm ráðherra til þess að taka þátt í ráðstefnunni með okkur, og ekki síst áhorfendum.

Það eru margir sem hafa lagt hönd á plóg við undirbúning þessarar ráðstefnu. Það eru um það bil 30 sérfræðingar sem hafa tekið þátt í undirbúningi ráðstefnunnar sem hefur vissulega tekið langan tíma.

Undirbúningshópurinn samanstendur af tengiliðum frá Alþjóðamálastofnun HÍ, Atvinnuvegaráðuneyti, Dómsmálaráðuneyti, Félagi skipstjórnarmanna, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Geislavörnum ríkisins, IACN, Innviðaráðuneyti, Landhelgisgæslu Íslands, Norðurslóðaneti Íslands, Ríkislögreglustjóra, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Veðurstofu Íslands, Umhverfis-, orku-, loftslagsráðuneyti, Umhverfis- og orkustofnun og Utanríkisráðuneyti. Sóley Kaldal sérfræðingur í málefnum hafsins hjá atvinnuvegaráðuneytinu var tímabundið í vistakiptum hjá þjóðaröryggisráði og var ritara þjóðaröryggisráðs til aðstoðar við mótun ráðstefnunnar ásamt undirbúningshópnum. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, þær Pia Hansson og Auður Birna Stefánsdóttir sérstaklega hafa unnið þrekvirki við að koma þessu á, bæði skipulagningunni hér í dag en líka verið ritara þjóðaröryggisráðs til aðstoðar. Þetta var frábær hópur, eins og pallborðsumræðurnar hér í dag: hreinskilnar, hreinskiptar, fræðandi, upplýsandi og skapandi umræður um hvernig væri best að standa að ráðstefnunni. Bæklingurinn sem er á borðum var búin til af undirbúningshópnum og verður vonandi til gagns.

Ég þakka þeim öllum fyrir gott starf og gefandi.

Þetta er búin að vera mjög gagnleg og hvetjandi umræða hér í dag og ég veit að við tökum með okkur fullt af hugmyndum og veltum fyrir okkur hvernig við sjálf getum tekið þátt í hvernig er hægt að styrkja íslensku þjóðina og okkar samfélag við að gæta hagsmuna okkar á hafinu.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem hefur verið sagt í dag - og þó. Það eru nokkrir þættir sem mér finnst mikilvægt að við höfum í huga.

Það er mikilvægt að við munum sögu okkar og sigra við að ná yfirráðum yfir hafsvæðinu. Margar bækur hafa verið skrifaðar um þetta en þessi saga og þessi afrek sem hafa verið unnin eru undirstaða velferðar og öryggis í okkar góða landi. Það felur í sér ábyrgð og endurnýjar um leið það afl og þann kraft sem við þurfum, ekki bara til að gera samninga framtíðirnar til að nýtast okkur vel, heldur einnig til að takast á við þekktar og óþekktar áskoranir hvers tíma.

Áskoranirnar eru margar og tækifærin eru mörg og koma úr mörgum áttum.

Við þurfum að gæta að heilnæmi sjávar, vernda og sporna gegn áhrifum loftslagsbreytinga og mengun hafsins og taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi til þess að ná því marki.

Við þurfum að gæta hagsmuna okkar og taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði öryggis- og varnarmála sem miðar að því að tryggja öryggi og eftirlit á okkar hafsvæðum svo við getum framfylgt fullveldisrétti okkar. Við verðum að vera bandalagsríkjum okkar traustur og trúverðugur bandamaður til þess að tryggja öryggi okkar og bandalagsríkja okkar.

En getum við tekist á við þessar áskoranir, þekktar og óþekktar? Í mínum huga er ekki nokkur vafi að já við getum það. Eins og síðasta pallborð benti okkur svo ágætlega á þurfum við að tala saman, vinna saman, finna sameiginlegar lausnir að sameiginlegum markmiðum.

Þetta málþing sýnir okkur að vísinda- og rannsóknasamfélag okkar er vakandi yfir mögulegum

umhverfisógnum sem kunna að steðja að heilnæmi sjávar. Sérfræðingar fylgjast vel með hvaða þróun á sér stað í lífríki hafsins með vísindalegum rannsóknum og deila þeim með atvinnulífi og stjórnvöldum.

Stofnanir innan réttarkerfisins halda upp íslenskum lögum og reglum á hafsvæðunum með landhelgisgæslu, löggæslu og beitingu ákærvalds. Þessi þáttur fær aukið mikilvægi við nýlega og umtalsverða stækkun landgrunns Íslands nýlega þar sem mögulega er að finna eftirsóknarverðar náttúruauðlindir í okkar eigu og undir okkar forræði.

Mikilvægt er að hafa skýra stöðumynd af hafsvæðinu umhverfis landið og gera ráðstafanir til að tryggja vöktun landhelginna og efnahagslögsögunnar og landgrunnsins, sinna löggæslu á hafinu og leitar- og björgunarþjónustu

Okkur ber skylda til að gæta hagsmuna okkar til framtíðar.

Innan þessara stofnana sem ég hef vikið að starfar fólk, vel menntað og þjálfað fólk sem hefur sýnt að það er vakandi fyrir hagsmunum þjóðarinnar. Í þessu samhengi ber einnig að nefna þau sem sækja sjóinn og þau sem taka þátt í starfi björgunarsveita um allt land. Menntun og færni sjómanna á þeim skipum sem sigla um íslensk hafsvæði er mikilvægt öryggismál. Íslenskir sjómenn og farmenn hafa alla tíð þekkt vel aðstæður hér við land, haldið vel áætlanir skipa sinna, farið vel með skip og farm og svo mætti lengi telja. Menntunin er lykilatriðið og því er mikilvægt að sjómannamenntun standist hér eftir sem hingað til þær kröfur sem til hennar eru gerðar á hverjum tíma.

Björgunarsveitirnar okkar hringinn í kringum landið hafa oft á tíðum unnið kraftaverk við björgun sjómanna í neyð. Sjálfbodaliðarnir sem skipta þúsundum innan björgunarsveitanna vinna óeigingjarnt starf og eru ávallt reiðubúnir til að takast á við náttúruöflin af fullri hörku.

Við Íslendingar erum ótrúlega heppin þjóð að eiga þessar hetjur sem iðulega förna tíma sínum og kröftum til að koma fólki til bjargar. Við erum líka heppin að eiga atvinnurekendur sem skilja þörfina fyrir björgunarsveitirnar, vegna þess að þetta hefur vissulega áhrif á þeirra vinnutíma.

Saga Slysavarnarfélagsins Landsbjargar sem stofnað var af brýnni þörf vegna hörmulegra sjóslysa sýndi nauðsyn þess að grípa varð til aðgerða því mannskaðar voru tíðir og hjuggu stór skörð í raðir íslenskra sjómanna. Með tilkomu Slysavarnaskóla sjómanna fækkaði sjóslysum jafnt og þétt vegna betri þekkingar áhafna skipaflotans okkar og reglubundinna æfinga um borð.

Að lokum langar mig að minnast á Landhelgisgæsluna sem auk þess að gegna mikilvægu hlutverki við löggæslu á hafi, hefur bjargað lífi fjölda sjómanna í neyð í gegnum tíðina í góðu samstarfi við björgunarsveit, lögreglu, Vaktstöð siglinga og Neyðarlínuna. Gæslan hefur á að skipa úrvals mannskap á varðskipum, þyrlum og flugvélinni Sif. Við treystum á Gæsluna eins og á björgunarsveitirnar okkar og saman gegnir þetta frábæra björgunarfólk okkar gríðarlega miklu hlutverki í íslensku samfélagi.

Ég vil ljúka þessu með því að þakka öllum sem tóku þátt hér í dag og fyrir innblásturinn og þekkinguna sem þið hafið deilt með okkur. Við höldum áfram og inn í nýja tíma, því áskoranirnar framundan eru svo sannarlega stórar og mikilvægar og við munum mæta þeim af fullri festu.

Kærar þakkir fyrir þátttökuna og við munum taka niðurstöðurnar hér með okkur í áframhaldandi vinnu.

Kærar þakkir.

